

# Matís ohf.

## Ársreikningur 2017

Matís ohf.  
Vínlandsleið 12  
113 Reykjavík  
Kt. 670906-0190

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	bls. 3	Efnahagsreikningur .....	bls. 7
Áritun endurskoðenda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	9
Rekstrarreikningur .....	6	Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra á ársreikninginn

Félagið var stofnað árið 2006 á grundvelli laga nr. 68/2006. Matís er þekkingar- og rannsóknafyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í matvælaíðnaði, líftækni og matvælaöryggi. Matís veitir ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði, sem og íslenska ríkinu. Matís kemur að þróun á nýjum vörum og ferlum fyrir fyrirtæki og hefur mikilvægu hlutverki að gegna varðandi gæði og öryggi matvæla.

Tap varð af rekstri félagsins fyrir árið 2017 að fjárhæð kr. 7,64 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember 2017 námu heildareignir félagsins kr. 743,6 milljónum og bókfært eigið fé nam kr. 284,5 milljónum samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2018 vegna ársins 2017, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Hlutfé félagsins nemur 150 millj. kr. og er allt í eigu ríkissjóðs

Stjórn félagsins og forstjóri staðfesta hér með ársreikninginn fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. apríl 2018

Í stjórn Matís ohf:

Sjöfn Sigurgísléd  
Haukinn Helgi l. 42  
Sigrún Traustad.  
Gutmundur H. Gunnarsson  
Karl sem Karlur  
Ólafur Jónsson

Forstjóri:



## Áritun endurskoðenda

---

### Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.

#### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Matís ohf. 31. desember 2017, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Matís ohf. og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

#### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Matís ohf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

#### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikið öryggi en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

## Áritun endurskoðenda frh.


- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 17. apríl 2018



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.



Karlotta Aðalsteinsdóttir  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Seld þjónusta .....	1	<u>1.651.701.691</u>	<u>1.615.160.448</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og tengd gjöld .....	2	1.032.924.815	968.482.359
Annar rekstrarkostnaður .....	3	563.648.394	554.801.683
Afskriftir .....	8	68.011.592	63.439.886
		<u>1.664.584.801</u>	<u>1.586.723.928</u>
Rekstrar(tap)-hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(	12.883.109)	28.436.520
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4	<u>3.340.354</u>	<u>( 16.972.506)</u>
Rekstrar(tap) - hagnaður fyrir tekjuskatt .....	(	9.542.755)	11.464.014
Tekjuskattur .....	11	<u>1.905.191</u>	<u>( 2.296.083)</u>
<b>Rekstrartap ársins</b>		<u>( 7.637.564)</u>	<u>9.167.931</u>
<b>EBITDA</b>		<u>55.128.483</u>	<u>91.876.406</u>
<b>Hagnaðarhlutur:</b>			
(Tap) hagnaður á hverja krónu hlutfjár .....	5	<u>( 0,05)</u>	<u>0,06</u>

## Efnahagsreikningur

		Eignir		
		Skýr.	2017	2016
<b>Fastafjármunir:</b>				
Óefnislegar eignir:				
	Hugbúnaður .....	6	11.775.707	12.859.921
			<u>11.775.707</u>	<u>12.859.921</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
	Rannsóknartæki .....		141.797.881	175.679.094
	Áhöld og tæki .....		1.206.481	2.189.234
	Innréttingar .....		3.044.702	1.964.880
		7	<u>146.049.064</u>	<u>179.833.208</u>
Áhættufjármunir:				
	Eignarhlutir í dótturfélögum .....		1.000.000	750.000
	Eignarhlutir í öðrum félögum .....		820.000	820.000
			<u>1.820.000</u>	<u>1.570.000</u>
	Fastafjármunir		<u>159.644.771</u>	<u>194.263.129</u>
<b>Veltufjármunir:</b>				
	Vörslusjóður vegna verkefna .....		22.868.074	196.324.023
	Viðskiptakröfur .....	9	374.992.831	397.257.923
	Fyrirframgreiddur kostnaður .....		1.737.025	688.133
	Handbært fé .....		184.314.970	237.886.965
	Veltufjármunir		<u>583.912.900</u>	<u>832.157.044</u>
	<b>Eignir samtals</b>		<u><u>743.557.670</u></u>	<u><u>1.026.420.172</u></u>

## 31. desember 2017

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....		150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur .....		4.948.160	4.948.160
Lögbundinn varasjóður .....		916.793	916.793
Óráðstafað eigið fé .....		128.592.917	136.230.481
Eigið fé samtals	10	<u>284.457.870</u>	<u>292.095.434</u>
<b>Skuldbindingar:</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	11	<u>6.924.512</u>	<u>10.325.992</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		34.426.743	53.680.909
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		220.461.364	278.852.326
Vörslusjóður verkefna .....		22.868.074	195.054.217
Aðrar skammtímaskuldir .....		174.419.107	196.411.295
		<u>452.175.288</u>	<u>723.998.747</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>459.099.800</u>	<u>734.324.739</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>743.557.670</u></u>	<u><u>1.026.420.172</u></u>

## Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
<b>Hreint veltufé frá rekstri:</b>			
Rekstrartap ársins .....	(	7.637.564)	9.167.931
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		68.011.592	63.439.886
Breyting á áunnu orlofi .....	(	2.486.123)	7.113.908
Framlag í afskriftareikn. viðskiptakrafna .....		5.468.026	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....		3.211.687	1.169.466
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu .....	(	3.401.480)	( 4.617.125)
		<u>63.166.138</u>	<u>76.274.066</u>
<b>Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:</b>			
Viðskiptakröfur .....		16.797.066	45.283.089
Vörslusjóður verkefna .....		173.455.949	( 32.304.808)
Aðrar skammtímakröfur .....	(	1.048.892)	( 126.865)
<b>Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:</b>			
Viðskiptaskuldir .....	(	19.254.166)	6.508.397
Vörslusjóður verkefna .....	(	172.186.143)	35.630.590
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	(	58.390.962)	( 48.133.206)
Aðrar skammtímaskuldir .....	(	22.717.752)	12.160.166
<b>Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda</b>	(	<u>83.344.900)</u>	<u>19.017.363</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	(	<u>20.178.762)</u>	<u>95.291.429</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(	31.179.137)	( 23.072.358)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	1.964.097)	( 13.167.376)
Kaupverð eignarhluta í dótturfélögum .....	(	250.000)	0
Fjárfesting í öðrum félögum .....		0	( 100.000)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	(	<u>33.393.234)</u>	<u>( 36.339.734)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>	(	<u>53.571.996)</u>	<u>58.951.695</u>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>237.886.965</u>	<u>178.935.270</u>
<b>Handbært fé í lok tímabils .....</b>		<u><u>184.314.969</u></u>	<u><u>237.886.965</u></u>

## Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**

- a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

**Erlendir gjaldmiðlar**

- b. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

**Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)**

- c. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði vegna lána sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

**Innlausn tekna**

- d. Tekjur af sölu eru færðar þegar varan hefur verið afhent og eignarréttur og ábyrgð flyst yfir á kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

- e. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rannsóknatæki .....	3 - 5 ár
Áhöld og tæki .....	3 - 4 ár
Innréttingar .....	5 ár

## Skýringar, frh.:

### Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum

- f. Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

### Vörslusjóður vegna verkefna

- g. Vörslusjóður vegna verkefna er tilkominn vegna verkefnastjórnunar erlendra og innlendra verkefna. Staðan miðast við eftirstöðvar óráðstafaðra styrkfjárhæða að teknu tilliti til gengis.

### Handbært fé

- h. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

### Tekjuskattsskuldbinding

- i. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

### Seld þjónusta:

1. Seld þjónusta greinist þannig:	2017	2016
Þjónustusamni. við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti .....	441.900.000	435.000.000
Erlendir sjóðir og fyrirtæki .....	475.666.068	543.233.379
Innlendir sjóðir og opinberir aðilar .....	390.392.598	321.199.238
Innlend fyrirtæki og aðrar tekjur .....	343.743.025	315.727.832
	<u>1.651.701.691</u>	<u>1.615.160.448</u>

## Skýringar, frh.:

### Laun og launatengd gjöld:

2. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2017	2016
Laun .....	856.051.928	799.016.854
Launatengd gjöld .....	176.872.887	169.465.505
	<u>1.032.924.815</u>	<u>968.482.359</u>
Starfsmenn, ársverk .....	111,1	106,5
Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu á árinu í millj. kr.	30,6	28,3

### Annar rekstrarkostnaður:

3. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Beinn rekstarkostnaður við verkefni án launakostnaðar .....	221.980.951	230.182.589
Rekstur húsnæðis .....	172.397.714	171.054.372
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	169.269.729	153.564.722
	<u>563.648.394</u>	<u>554.801.683</u>

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Fjármunatekjur .....	3.309.601	5.097.073
Fjármagnsgjöld .....	( 1.307.605)	( 217.280)
Gengismunur .....	1.338.358	( 21.852.299)
	<u>3.340.354</u>	<u>( 16.972.506)</u>

### Hagnaðarhlutur:

5. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu:		
(Tap) hagnaður.....	( 7.637.564)	9.167.931
Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu.....	150.000.000	150.000.000
(Tap) hagnaður á hverja krónu hlutafjár.....	( 0,05)	0,06

### Óefnislegar eignir:

6. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum hugbúnaði og útlögðum kostnaði við að öðlast einkaleyfi. Óefnislegar eignir greinast þannig:			
	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð í byrjun árs .....	213.537	22.333.921	22.547.458
Keypt á árinu .....	0	1.964.097	1.964.097
Heildarverð í árslok .....	<u>213.537</u>	<u>24.298.018</u>	<u>24.511.555</u>
Afskrifað í byrjun árs .....	213.537	9.474.000	9.687.537
Afskrifað á árinu .....	0	3.048.311	3.048.311
Afskrifað í lok árs .....	<u>213.537</u>	<u>12.522.311</u>	<u>12.735.848</u>
Bókfært verð í lok árs .....	0	11.775.707	11.775.707
Afskriftahlutföll .....	25%	20%	

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**
**7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:**

	Rannsóknartæki	Innréttingar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð í byrjun árs .....	646.952.672	8.248.305	8.958.729	664.159.706
Keypt á árinu .....	28.122.823	3.056.314	0	31.179.137
Heildarverð í lok árs .....	675.075.495	11.304.619	8.958.729	695.338.843
Afskrifað í byrjun árs .....	471.273.578	6.283.425	6.769.495	484.326.498
Afskrifað á árinu .....	62.004.036	1.976.492	982.753	64.963.281
Afskrifað í lok árs .....	533.277.614	8.259.917	7.752.248	549.289.779
Bókfært verð í lok árs .....	141.797.881	3.044.702	1.206.481	146.049.064
Afskriftahlutföll .....	20-30%	20%	20-30%	

**8. Afskriftir greinast þannig:**

Óefnislegar eignir .....	3.048.311
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	64.963.281
	<u>68.011.592</u>

**Vátryggingaverð**

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2017 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	854.322.000
Rafeindatrygging rannsóknatækja .....	373.107.000
	<u>1.227.429.000</u>

**Viðskiptakröfur:**

9. Viðskiptakröfur vegna verkefna .....	263.379.990
Erlendir viðskiptamenn .....	41.678.174
Einstaklingar .....	725.006
Almennar viðskiptakröfur .....	64.887.622
Tengdir aðilar .....	4.322.039
	<u>374.992.831</u>

**Eigið fé:**

10. Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 millj. kr og er það allt í eigu ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í byrjun árs .....	150.000.000	4.948.160	916.793	136.230.481	292.095.434
Rekstartap ársins .....				( 7.637.564)	( 7.637.564)
Eigið fé í lok árs .....	150.000.000	4.948.160	916.793	128.592.917	284.457.870

**Skuldbindingar**
**Tekjuskattsskuldbinding:**

## 11. Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	10.325.992
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 1.905.191)
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 1.496.289)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs .....	<u>6.924.512</u>

## Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	5.589.782
Viðskiptakröfur .....	2.613.102
Dreifing gengismunar skv. skattalögum .....	( 1.278.372)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils .....	<u>6.924.512</u>